



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 27/2008 varðandi höfnun Póst- og fjarskiptastofnunar á uppsetningu varamóðurstöðvar að Fellsmúla.

I.

Umsókn

Þann 8. júní 2007 barst Póst- og fjarskiptastofnun umsókn Múlaradíós ehf. fyrir hönd Tölvubíla hf., (Hreyfill, hér eftir umsækjandi), um leyfi til uppsetningar gagnasendis að Fellsmúla 26. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar að Fellsmúla 26, og var stöðinni ætlað að þjóna sem varamóðurstöð sem ávallt yrði í gangi, ef rafmagnsleysi eða línubilanir kæmu upp á öðrum móðurstöðvum fyrirtækisins.

Óskaði umsækjandi eftir heimild fyrir notkun tíðniparsins 163.875 MHz (viðtökutíðni móðurstöðvar) og 154,675 MHz (senditíðni móðurstöðvar).

II.

Bréfaskipti og sjónarmið

Með tölvupósti Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 27. júní 2007, var umsækjanda tilkynnt að hægt væri að verða við óskum um umbeðna tíðni, en aftur á móti væri ólíklegt að samþykkt yrði að stöðin yrði stanslaust í loftinu, hvorki sem varastöð né ef hún þyrfti að taka við af hinni, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun hefði áður fengið slæma reynslu af slíkri tilhögun.

Umsækjandi svaraði með tölvupósti dags. 3. júlí 2007, á þá leið að til þess að geta notað rásina yrði hún að vera stöðugt í loftinu. Þá mótmælti umsækjandi því að truflanir hefðu hlotist af slíkum sendum, eða að kvartað hefði verið yfir þeim.

Þann 24. júlí 2007 hringdi Póst- og fjarskiptastofnun í umsækjanda og útskýrði nánar þau vandkvæði sem komið geta upp fyrir tilstuðlan stöðugra sendinga. Var komist að samkomulagi um að ræða við framleiðanda búnaðarins í Danmörku og heyra álit þeirra varðandi hættu á truflunum vegna stöðugra sendinga.

Þann 15. október 2007, sendi umsækjandi fyrirspurn í tölvupósti vegna greiðslu fyrir tíðniheimildir og óskaði um leið eftir fullgildri heimild vegna varamóðurstöðvarinnar í Fellsmúla. Póst- og fjarskiptastofnun óskaði þá eftir áður umbeðnum upplýsingum frá framleiðanda búnaðarins. Umsækjandi svaraði með tölvupóst sama dag og kvað allt vera tilbúið, einungis væri beðið svars varðandi tíðniheimild fyrir umrædda varamóðurstöð. Þá hefðu þær upplýsingar fengist frá framleiðanda búnaðarins, Finn Frogne a/s, að uppsetningar þeirra væru ekki frábrugðnar uppsetningum framleiðanda.

Þann 21. janúar 2008 barst á ný fyrirspurn frá umsækjanda hvort niðurstöðu væri að vænta.

Niðurstöður viðræðna sérfróðra aðila innan Póst- og fjarskiptastofnunar leiddu í ljós samhljóða álit sérfræðinga innan stofnunarinnar að ekki væri hægt að leyfa uppsetningu búnaðarins að óbreyttu. Aftur á móti væri stofnunin tilbúin til frekari viðræðna svo finna mætti aðra lausn á vandanum.

Með tölvupósti Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 30. janúar 2008 var umsækjanda því tilkynnt að Póst- og fjarskiptastofnun gæti ekki samþykkt uppsetningu móðurstöðvar með venjubundinni uppsetningu að Fellsmúla 26. Var höfnunin byggð á því að búast mætti við miklum yfirstýringum með tilheyrandi millislætti í þeim viðtækjum sem færu um nánasta umhverfi móðurstöðvarinnar, yrði hún í stöðugri lyklun. Þar sem Fellsmúlinn er í nálægð við miklar umferðaræðar má búast við miklum fjölda viðtækja á þessu svæði og þar með einnig miklum millislætti. Gengið var út frá því að um venjubundna uppsetningu væri að ræða, þ.e.a.s. sent væri út með fullu aflri inn í dæmigert loftnet með lítilli mögnun. Þá benti Póst- og fjarskiptastofnun á að auðveldara væri að fá heimild til starfrækslu fyrir móðurstöðvar með stöðuga lyklun, á svæðum þar sem lítið af talstöðvum fara um. Ennfremur benti stofnunin á að ávallt væri hægt að óska eftir viðræðum ef óskað væri eftir heimild til sérstakrar uppsetningar, þar sem tekið væri inn í reikninginn að aflíð inn á inngang dæmigerðs viðtækis á fjölförnum stöðum í nágrenni við sendistað, fari aldrei yfir 0,25 uW, en slíkt megi gera með því að nota nánasta umhverfi, sendiafl og sérstök loftnet til að stýra og beina útgeisluðu aflri í réttar áttir.

Umsækjandi svaraði með tölvupósti sama dag á þá leið að fyrirtækið myndi ekki una þessari niðurstöðu. Um væri að ræða viðurkenndan búnað, sem væri í notkun víða um Evrópu án nokkurra vandkvæða. Þá væri ekkert sem benti til þess að hætta væri á truflunum.

Póst- og fjarskiptastofnun svaraði samdægurs með tölvupósti. Í tölvupóstinum kom fram að ekki hefði verið um að ræða ágreining um það hvort búnaðurinn væri löglegur og viðurkenndur, né heldur hvort hann væri í notkun víða um Evrópu. Aftur á móti væri ljóst að það væri ekki eingöngu háð gerð og eiginleikum búnaðarins, heldur ekki síður hvar hann er staðsettur og eðli umhverfis, t.d. varðandi fjölda talstöðva í umhverfinu sem er að öðru jöfnu háð umferðarþunga í nágrenninu. Þá hefði stofnunin áður óskað eftir upplýsingum um dæmi um sambærilega notkun í öðrum löndum, t.d. varðandi staðsetningu sendis, útgeislað afl og notkunartíma (duty cycle) og hugsanlegar takmarkanir á staðsetningu sendis miðað við umhverfið. Aftur á móti hafi eina svarið fengist þann 15. október 2007, sbr. umfjöllun hér að ofan. Þá kom fram að Póst- og fjarskiptastofnun vildi gjarnan fá upplýsingar sem myndu gera stofnuninni kleyft að sannreyna fullyrðingar um að sambærileg notkun og sótt er um, sé

almennt leyfð í Evrópu og án nokkurra vandkvæða. Öðrum kosti sæi Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til þess að endurskoða afstöðu stofnunarinnar. Ítrekaði stofnunin ennfremur fram að fullur vilji væri til þess að ræða tæknilegar lausnir á málinu, sem allir aðilar gætu unað við.

Svar umsækjanda barst með tölvupósti síðar sama dag. Benti umsækjandi á að samskonar búnaður væri í notkun við Hallgrímskirkju, þar sem fyrir er fjöldi stöðva og sömuleiðis væri töluverð umferð farstöðva og handstöðva á svæðinu. Taldi umsækjandi að ekki hefðu skapast vandamál, að undanskildum einu tilviki, en þá hefði verið um að ræða einn aðila sem hafi verið með bílstöð setta sem móðurstöð hjá BSÍ og virtust þau vandamál skapast þegar þriðji aðili fór í loftið. Hafi sérstakar aðstæður átt við þar sem einkar mikið var um fjarskipti á svæðinu frá verktökum sem unnu við framkvæmdir á Hringbraut á þeim tíma. Auk þess séu á umræddu svæði umtalsvert fleiri sendar en á svæðinu umhverfis Fellsmúla. Þá hefðu engin vandamál komið upp þegar umsækjandi hóf notkun á kerfinu og tilraunasendingar voru í gangi frá Fellsmúla um lengri tíma, án nokkurra vandkvæða. Varðandi það sjónarmið Póst- og fjarskiptastofnunar að ekki hefði verið bent á sambærilega notkun í öðrum löndum ítrekaði umsækjandi að uppsetningar erlendis væru í engu frábrugðnar uppsetningum sínum, þ.e. afl stöðva væri 25W (15W UHF), um stöðugar sendingar væri að ræða (100% duty cycle) og loftnet af sambærilegum gerðum. Þá spurði umsækjandi hvort stofnunin óskaði eftir að ræða við framleiðanda búnaðarins. Auk þess óskaði umsækjandi eftir að stofnunin gerði frekari grein fyrir afstöðu sinni.

Í svari Póst- og fjarskiptastofnunar þann 31. janúar 2008, kom fram nánari útlistun á því hvers vegna stofnunin teldi hættu á truflunum og nefndi því til stuðnings reynslu stofnunarinnar af sambærilegum búnaði sem settur var upp við Hallgrímskirkju. Skýrt var frá því að um leið og stöðug sending hófst í Hallgrímskirkju á sínum tíma fór að bera á miklum millislætti inn á viðtæki sem leið áttu um nágrenni Hallgrímskirkju og þá sérstaklega á svæðinu sunnan við kirkjuna. Fjöldi kvartana barst í kjölfarið frá talstöðvareigendum, einstaklingum og fyrirtækjum, sem fóru um Hringbraut og Bústaðarveg. Auk þess nefndi stofnunin að kvartanir hefðu einnig borist vegna sendisins í Fellsmúlanum um tíma.

Þá áréttaði stofnunin að ekki væri verið að halda því fram að búnaðurinn sem um ræðir, ylli beinum truflunum á umhverfi sitt. Vandamálið snerist einnig um innbyggðan veikleika þeirra viðtækja sem eru í nálægð við sendi sem er í stöðugri lyklun. Þegar afl slíkrar sendingar fer yfir bjögunarmörk viðtækisins myndast ólínuleiki í mögnunarstigi viðtækisins sem þá býr til blöndunarþætti í samspili við aðra lyklaða senda í nágrenninu. Einn slíkur blöndunarþáttur getur í sumum tilfellum orðið til á móttökutíðni viðtækisins sem þá veldur millislætti. Í eðlilegu umhverfi eru viðtæki mjög oft að lenda í slíkri bjögun, vandamálið er einfaldlega að hættan á myndun blöndunarþátta inn á sumar móttökutíðnir margfaldast ef sendir á ákveðinni tíðni liggur stöðugt í loftinu.

Varðandi notkun búnaðar á meginlandi Evrópu, benti Póst- og fjarskiptastofnun á að ríkari hefð væri fyrir því erlendis að fjarskiptafyrirtæki samnýttu fjarskiptamöstur. Jafnvel þótt það helgaðist líklegast að mestu leyti af landslaginu, væri í reynd mun auðveldara að komast hjá yfirstýringu viðtækja í nágrenni senda þegar sendistaðurinn liggur hátt yfir landslaginu í kring

um sig. Þá er hægt að notast við loftnet sem hafa þröngan útsendingargeisla á lóðréttu plani sem varnar því að aflið verði of mikið við jörðu, næst sendistaðnum.

Þá var jafnframt spurningum beint til framleiðanda búnaðarins m.a. varðandi gerð loftneta og mögnun þeirra í láréttu og lóðréttu plani, auk þess sem spurst var fyrir um staðsetningu fjarskiptamastra og hvort viðtekin venja væri að hafa þau nálægt fjölförnum svæðum. Auk þess var spurt um hvort framleiðandi setti mörk varðandi hámarkssviðsstyrk við jörðu í næsta umhverfi við sendibúnað.

Umsækjandi svaraði bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar með tölvupósti dags. 2. febrúar 2008. Ítrekaði hann að álit sitt væri truflun við Hallgrímskirkju hefði orsakast frá verktökum sem unnu við framkvæmdir á svæðinu. Fór umsækjandi fram á að gefið væri leyfi fyrir að setja upp stöðina í Fellsmúla, en ef upp kæmu truflanir væri hægt að leysa málið eða öðrum kosti færa stöðina. Ekki væri hægt að láta veikleika í öðrum talstöðvum bitna á sér. Fór umsækjandi jafnframt fram á prufa gagnasendingum frá tilteknum tíðnum í Fellsmúlanum sem þeim hefðu þegar fengið leyfi fyrir. Taldi umsækjandi enn fremur að vandamálið mætti leysa með ákveðinni gerð af loftneti, eða „omni“ loftneti með 5dB mögnun sem gefur þrengri geisla.

Óskaði umsækjandi jafnframt eftir fundi með Póst- og fjarskiptastofnun ásamt fulltrúa framleiðanda búnaðarins. Póst- og fjarskiptastofnun fundaði með umsækjanda og fulltrúa framleiðanda búnaðar, Kaare Frogne frá Finn Frogne frá Danmörku, þann 6. febrúar 2008. Voru aðilar ásáttir um að nálgast lausn á faglegum forsendum. Niðurstöður fundarins voru að spurningar sem áður voru sendar á Múlaradíó, yrðu þýddar og þær sendar til Kaare Frogne. Yrði þá í framhaldi af svörum hans gerð fyrirspurn hjá systurstofnunum Póst- og fjarskiptastofnunar í a.m.k. tveimur löndum, til dæmis Noregi og Danmörku. Stefnt var að því að niðurstaða yrði fengin á innan við mánuði.

Þann 11. febrúar voru áður nefndar spurningar varðandi hættu á truflunum sendar í tölvupósti til framleiðanda búnaðar.

Svör frá framleiðanda búnaðarins bárust ekki fyrir en þann 18. september 2008, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið óskað eftir svörum. Í bréfinu, sem barst með tölvupósti þann 18. september 2008, eru nefnd nokkur dæmi um sendibúnað, en þar sem dæmin sem nefnd eru í bréfinu taka til annarra tíðnisviða gagnast þau ekki til samanburðar í þessu máli. Umsækjandi hefur óskað eftir heimild fyrir notkun tíðniparsins 163.875 MHz og 154,675 MHz, sem er á miðju þess tíðnisviðs sem er mest notað fyrir farstöðvaþjónustu hér á landi (146-174 MHz). Tíðnir þær sem framleiðandi búnaðar tilgreinir í bréfi sínu eru aftur á móti við jaðar umrædds tíðnisviðs.

Meðferð þessa máls, hefur dregist af ýmsum orsökum, meðal annars sökum þess hve lengi dróst að fá svör við spurningum sem Póst- og fjarskiptastofnun hafði fyrir framleiðanda búnaðarins.

III.

Forsendur og niðurstaða

i.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd fjarskiptalaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, en markmið fjarskiptalaga er m.a. að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi, sbr. 2. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga. Í 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, kemur ennfremur fram að verkefni stofnunarinnar séu m.a. að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur aukinheldur það hlutverk að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða, sbr. c.-lið 2. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Nánar er fjallað um hlutverk og skyldur Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi skipulag og hagnýtingu tíðnirófsins í 14. gr. fjarskiptalaga, en ákvæðið er svo hljóðandi:

„Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið, semja tíðniplan í samræmi við skipulagið og veita upplýsingar um tíðniplanið eftir þörfum.“

Felst hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar því einnig í að úthluta réttindum til fjarskiptafyrirtækja, sbr. 7. gr. fjarskiptalaga. Getur stofnunin einnig sett ýmis skilyrði um notkun tíðna og númera, sbr. 10. gr. laganna, þar á meðal að búnaður og rekstur fjarskiptafyrirtækis geri skaðlegar truflanir og rafsegulgeislun sem almenningur getur orðið fyrir sem minnstar, sbr. c-lið 1. mgr. 10. gr. Þá eru skýrt ákvæði um þráðlausan sendibúnað í 62. gr. fjarskiptalaganna, þar sem segir að sendibúnað fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Leyfið má binda skilyrðum, svo sem um sendiafl, staðsetningu, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingu við almenn fjarskiptanet. Er stofnuninni heimilt að innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða banna notkun þeirra ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga.

Skipulagning tíðninothunar og almennt eftirlit með sendibúnaði af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar er nauðsynlegt til þess að hægt sé að starfrækja þráðlaus fjarskipti. Þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar miðar að því að tryggja öryggi þráðlausra fjarskipta og koma í veg fyrir truflanir. Til þess að geta rækt hlutverk sitt samkvæmt framangreindu þarf Póst- og fjarskiptastofnun að hafa svigrúm til að meta hættuna á truflunum sem skapast geta frá fjarskiptabúnaði.

ii.

Í máli þessu hefur umsækjandi sótt um leyfi fyrir uppsetningu gagnasendis að Fellsmúla 26, þar sem höfuðstöðvar umsækjanda eru til húsa. Gagnasendinum er ætlað að þjóna sem

varamóðurstöð sem ávallt yrði í gangi, ef rafmagnsleysi eða línubílanir kæmu upp á öðrum móðurstöðvum umsækjanda.

Er það álit sérfróðra aðila innan Póst- og fjarskiptastofnunar að uppsetning gagnasendisins á fyrirhuguðum stað, og á umræddum tíðnisviðum, sé til þess fallið að valda hættu á truflunum eða millislætti í sínu nánasta umhverfi.

Yfirstýring viðtækja

Í fyrsta lagi telur Póst- og fjarskiptastofnun hættu á truflunum vegna þess að gagnasendir á borð við þann sem hér um ræðir, veldur því að í u.þ.b. 1 km radíus, í hindrunarlausu umhverfi, er mikil hætta á millislætti. Með öðrum orðum á umræddu svæði er hætta á yfirstýringu fyrir öll viðtæki sem fara inn á viðkomandi svæði. Með þeim fjarskiptabúnaði sem almennt er notaður í dag má áætla að þegar aflið frá sendi fer yfir u.þ.b. 0,25 uW við inngang viðtækis sem er í nágrenninu, þá er það viðtæki komið inn á ofangreint hættusvæði. Þau viðtæki sem fara inn á hættusvæðið umhverfis gagnasendinn verða því í stöðugri hættu á að verða fyrir millislætti eða óbeinum truflunum. Það hvort viðtæki verður fyrir millislætti ræðst meðal annars af viðtækinu sjálfu. Til að millisláttur, eða með öðrum orðum óæskileg móttaka sendinga frá gagnasendinum komi fram, þarf a.m.k. einn lyklaðan sendi, sem nær til viðtækisins fyrir utan gagnasendinn, þá ræður viðtækið ekki við sendingarnar.

Þar sem truflanamyndun fer eftir ákveðnum reiknireglum er í raun mjög fátítt að svo bregði við að viðtæki sem stillt er á ákveðna tíðni, hitti einmitt á að þær tíðnir séu í sendingum í umhverfi viðtækisins sem geta valdið því að millisláttur myndist á þessari ákveðnu móttökutíðni. Aðrir afgerandi þættir við mat á stærð hættusvæðis sem líta þarf til eru auk afls sendis, mögnun loftnets í lóðréttu og láréttu plani og hæð loftnets yfir umhverfi sínu.

Almennt gildir að því fleiri sendar sem eru í sendingu í nálægð við viðtæki og þeim mun hærri sem notastuðull þessara senda er, þeim mun ríkari hætta er á því að viðtækið verði fyrir millislætti á meðan það er stadd á hættusvæði einhvers sendis sem er í sendingu. Af því leiðir jafnframt að sé sendir látinn vera í stöðugri sendingu, eykst truflanahættan margfalt inn á ákveðnar móttökutíðnir þegar viðtæki þeirra er innan hættusvæðis þess sendis.

Ennfremur ber að geta þess að tíðniparið 163.875 MHz (viðtökutíðni móðurstöðvar) og 154,675 MHz (senditíðni móðurstöðvar), sem óskað var eftir er á miðju þess tíðnisviðs sem er mest notað fyrir farstöðvaþjónustu hér á landi (146-174 MHz). Á þessu tíðnisviði eru skráðar þúsundir farstöðva héraendis. Truflun á þessu tíðnisviði gæti því haft áhrif á fjölda farstöðva. Æskilegra væri að sendir á borð við þann sem hér um ræðir, væri á jaðri tíðnisviðsins, til að takmarka hættu á truflunum.

Ólínuleiki í útgangsstigum senda

Í öðru lagi telur Póst- og fjarskiptastofnun hættu á truflunum sökum þess að samskonar ólínuleiki verður einnig til í útgangsstigum senda og verða slíkar truflanir til í samskonar umhverfi og því sem veldur yfirstýringu í viðtækjum, sem líst er hér að ofan.

Sendir í stöðugri sendingu

Í þriðja lagi felst nokkur sérstaða í því að fyrirtækið hefur óskað eftir heimild til reksturs sendis sem á að vera stöðugt í sendingu. Almennt er þess ekki getið í útgefnum tíðniheimildum hvort sending megi vera stöðug eða ekki, en verður að telja það viðtekna venju á þessu sviði að almennt sé ekki búist við því að sendir sé umfram 5% af tíma sínum í sendingu.

Staðsetning

Staðsetning gagnasendisins er fyrirhuguð að Fellsmúla 26, og er hún beint við stórar stofnbrautir. Því má reikna með að mikill fjöldi talstöðva fari þar um og þar með er nær ógerlegt að komast hjá því að miklar truflanir eða millisláttur komi inn á margar móttökutíðnir, bæði hjá farstöðvum og móðurstöðvum. Samkvæmt ofangreindu verður að telja afar óráðlegt að staðsetja gagnasendi í næsta nágrenni við fjölfarnar stofnbrautir, svo sem þá sem hér um ræðir.

Póst- og fjarskiptastofnun tekur undir sjónarmið umsækjanda um hagkvæmi þess að fyrirtækið geti komið gagnasendingunum fyrir í höfuðstöðvum sínum að Fellsmúla 26. Aftur á móti verður ekki hjá því litið að staðsetningin er við fjölfarin gatnamót stofnbrauta og þar fara daglega um fjöldi viðtækja. Sá möguleiki er enn fremur fyrir hendi að koma gagnasendingunum fyrir á öðrum stað, þar sem minni hætta er á truflunum.

iii.

Samkvæmt ofangreindu liggja margar samverkandi ástæður að baki því áliti Póst- og fjarskiptastofnunar að það sé ekki í þágu almannaheilla að heimila uppsetningu gagnasendisins á fyrirhuguðum stað og á umræddum tíðnisviðum. Í fyrsta lagi vegna hættu á yfirstýringu viðtækja í nágrenni við gagnasendingu, í öðru lagi vegna ólínuleika í útgangsstigum senda, í þriðja lagi þar sem meiri líkur eru á truflunum ef sendir er í stöðugri sendingu og í fjórða lagi vegna fyrirhugaðrar staðsetningu sendisins. Þá eykst enn fremur hættan á truflunum eða millislátti þar sem tíðniparið sem umsækjandi sótti um er á miðju þess tíðnisviðs sem er mest notað fyrir farstöðvaþjónustu hér á landi, en ekki við jaðar þess. Póst- og fjarskiptastofnun býr auk ofangreinds yfir reynslu af truflunum frá sendibúnaði á borð við þann sem hér að ofan greinir og af ofangreindum ástæðum telur stofnunin að ekki skuli heimila óbreytta uppsetningu sendisins á umræddum stað.

Eitt meginhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja örugg og hagkvæm fjarskipti og koma í veg fyrir truflanir ef mögulegt er. Í þessu tilfelli er það álit sérfræðinga Póst- og fjarskiptastofnunar að mikil hætta sé á truflunum verði umræddur gagnasending settur upp að öllu óbreyttu, á ofangreindum stað og á umræddu tíðnisviði, og gæti því skaðað fjarskipti í nálægð við hann. Hefur Póst- og fjarskiptastofnun skoðað málið á grundvelli laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun og laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Að öllu ofangreindu virtu og með vísan til 62. og 64. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, hafnar Póst- og fjarskiptastofnun umsókn Tölvubíla hf., um leyfi til uppsetningar gagnasendis á tíðniparinu 163.875 MHz (viðtökutíðni móðurstöðvar) og 154,675 MHz (senditíðni móðurstöðvar), að Fellsmúla 26.

Ákvörðunarorð

Umsókn Tölvubíla hf. um leyfi fyrir uppsetningu gagnasendis að Fellsmúla 26 er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 13. nóvember 2008

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Vera Sveinbjörnsdóttir